

Ársskýrsla
lögreglustjórans á
höfuðborgarsvæðinu

2013

Ársskýrsla

2013



LÖGREGLUSTJÓRINN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.
Forsíðumyndina tók Þórir Ingvarsson
Prentun: Oddi
Umbrot: Grafika
Útgefið í júlí 2014

Efnisyfirlit

GILDI SAMFÉLAGSMÍÐLA	5
SKIPURIT	7
HELSTU MARKMIÐ LRH	8
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN	10
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	12
Líkamsrásir	15
Innbrot og þjófnaðir	18
Rán og fjársvik	20
Umferðareftirlit	23
Banaslys og hraðakstursbrot	25
Fréttir úr umferðinni	27
Harmleikur í Árbæ	29
Kynferðisbrot	30
Fikniefnamál	32
Kannabísræktanir	33
Brunar og íkveikjur	34
Menningarnótt	37
Óvenjuleg verkefni	38
Lögreglan og samfélagsmiðlar	40
Hverfa- og svæðafundir	42
Eitt og annað	43
Umferðarsáttmáli	45
REKSTUR	46
Rekstrarreikningur	48
VIÐAUKAR	51





Gildi samfélagsmiðla

Samfélagsmiðlar hafa með ýmsu móti breytt samfélaginu á undanförunum árum. Þeir hafa

gert okkur kleift að rækta betur en áður sambandið við vini okkar og kunningja sem og ættingja nær og fjær. Það er ekki langt síðan að íslenskir námsmenn sem stunduðu nám sitt erlendis hringdu eða fengu símtal einu sinni til tvisvar á vetri, og þá iðulega í kringum jól og afmæli. Í dag fylgjumst við með nánast hverju fót máli flestra vina okkar; vitum hvað þeir fá sér í morgunmat, hvernig kaffibollinn sem þeir eru að drekka úr lítur út og svona mætti áfram telja. Ég fylgist náið með því hvenær börn vina minna taka tennur og fyrstu skrefin, jafnvel þó svo að ég hafi ekki hitt þetta ágæta fólk áratugum saman.

Íslendingar tóku samfélagsmiðlum opnum örmum líkt og flestri annarri nýbreytni og nýjungum. Fljótlega fóru augu manna að opnast fyrir því að nýta mætti þessa miðla með beinum hætti í starfsemi lögreglunnar. Fyrst var einkum horft til þess að nýta þessa miðla til þess að miðla upplýsingum með einföldum og aðgengilegum hætti. Eftir að notkun þeirra hófst hjá lögreglu kom í ljós að notagildi þeirra var mun meira. Það sem hefur reynst einna verðmætast í notkun lögreglunnar á samfélagsmiðlum er það samtal sem þar skapast á hverjum degi. Samtal sem nýtist til þess að fræða fólk betur en áður um starfsemi lögreglunnar, markmið hennar og vinnuaðferðir og sömuleiðis til þess að fá ábendingar og athugasemdir við það sem betur má fara í okkar störfum. Þetta skilar sér með jákvæðum hætti í allar áttir.

Vel gekk á árinu 2013 að vinna að því grundvallarmarkmiði Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynntum brotum til lögreglu fækkaði á flestum sviðum, öryggistilfinning íbúa mældist há sem og traust til lögreglu. Metnaðarfullt og öflugt starfsfólk embættisins á öllum sviðum á þakkir og heiður skilinn fyrir þennan góða árangur.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri




LÖGREGLAN

POLICE


LÖGREGLAN

POLICE

Skipurit



HELSTU MARKMIÐ LRH



Traust, fagleg og skilvirk þjónusta gagnvart almenningi og opinberum aðilum er eitt lykilatriða í allri starfsemi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim nótum gengu starfsmenn embættisins til verka sinna á árinu 2013 og varð vel ágengt. Þótt ávallt megi gera betur eru margar vísbendingar um að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sé á réttri leið þegar grundvallarmarkmið hennar er annars vegar; að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja í umdæmi hennar. Traust almennings til lögreglu hefur sjaldan verið meira og yfirgnæfandi meirihluti íbúa á höfuðborgarsvæðinu (88%) telur sig vera öruggan í sínu hverfi einan að gangi að næturlagi. Enn fleiri segja Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í umdæminu.

Almenn ánægja virðist vera með þá þjónustu sem borgarar fá í samskiptum við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og lögreglumenn í umdæminu þykja vera mjög, eða frekar, aðgengilegir. Þetta eru vitaskuld ánægjuleg tíðindi, en niðurstöðurnar eru fengnar úr könnun sem embættið stóð fyrir á fyrri hluta ársins 2013. Gagnaöflun var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, en embættið hefur staðið fyrir slíkri könnun undanfarin ár. Um hana má lesa nánar í skýrslunni *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim*. Samnefnda skýrslu er finna á lögregluvefnum, en þar er líka að finna skýrslu um grundvallarstefnu og langtímaáætlun Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Kannanir eru einn mælikvarði árangurs, en þar hlýtur samt afbrotatölfræði alltaf að vega þyngra enda sýnir hún stöðu mála með mjög nákvæmum hætti. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu horfir enda ekki síður til fækkunar brota á nánar afmörkuðum sviðum (eignaspjöll, innbrot, þjófnaðir og líkamsárásir) eins og kveðið er á um í stefnu embættisins. Þar vekur mesta athygli að innbrotum fækkaði mikið í umdæminu árið 2013 og hafa ekki verið færri á ári frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni. Hægt er að fylgjast með þróun brota á höfuðborgarsvæðinu í afbrotatölfræði LRH, sem birt er mánaðarlega í miðlum embættisins. Útgáfa afbrotatölfræði er liður í aukinni upplýsingamiðlun gagnvart almenningi, en á þeim vettvangi hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fært sér í nyt samfélagsmiðla í auknum mæli.



Embættið í hnotskurn



Mannfjöldi



Hlutfall af
höfuðb. sv.



Hlutfall af
Íslandi



Hlutfall
erlendra



Fjöldi
ríkisfanga



Stærð
í km²



Fjöldi
grunnsk.



Fjöldi
leiksk.



Fjöldi
framhaldssk.



Reykjavík



119.764



58,2%



37,2%



7,8%



131



273



42



99



10



Kópavogur



31.726



15,4%



9,9%



5,7%



84



80



9



22



1



Hafnarfjörður



26.808



13,0%



8,3%



6,8%



78



143



8



18



2



Garðabær



13.872



6,7%



4,3%



2,8%



57



76



7



12



1



Mosfellsbær



8.978



4,4%



2,8%



3,9%



41



185



2



6



1



Seltjarnarnes



4.322



2,1%



1,3%



4,5%



31



2



1



2



0

KJÓSIN

Kjósarhreppur



205



0,1%



0,1%



5,4%



7



284



0



0



0

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið



Höfuðb. sv.

Ísland



Fjöldi ökutækja í lok árs 2013



Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2013



HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

8. nóvember

KVARTAÐ UNÐAN KVEÐSKAP

Það er ekki oft sem lögreglan er kölluð til út af kveðskap. Sú var þó raunin einn daginn og fóru tveir filefdir lögreglumenn á vettvang, sem var í fjölbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglumennirnir töldu sig reyndar vera að sinna hefðbundnu hávaðaútkalli, en svo var alls ekki. Þegar á staðinn var komið fóru þeir í íbúð í húsinu, en hávaðaseggurinn var þar innandyra. Hljóðin úr íbúðinni fóru ekki framhjá nokkrum manni og runnu tvær grímur á laganna verði, sem eru samt ýmsu vanir. Þetta voru hljóð sem þeir heyra ekki á hverjum degi, og greinilegt að hér var ekkert venjulegt parti í gangi. Reyndar var ekki neinn hefðbundinn gleðskapur í gangi, heldur bara einn maður að kveða rímur. Kvörtun nágrannanna var samt fyllilega skiljanleg. Þetta átti sér stað að næsturlagi og maðurinn kvað rímur af miklum þrótti. Hann var því bæði beðinn um að lækka róminn og eins að loka gluggum svona til öryggis. Við svo búið fóru lögreglumennirnir af vettvangi, og bárust ekki frekari kvartanir vegna þessa það sem eftir lifði nætur.

lrh.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í mörg horn að líta árið 2013. Á hennar borð komu fjölmörg verkefni og oft mjög krefjandi. Svo var því einmitt farið í byrjun desember þegar lögreglumenn voru kallaðir að fjölbýlishúsi í Árbæ, en tilkynnt var um háværa hvelli sem bærust frá íbúð í húsinu. Lögreglumenn héldu þegar á staðinn, en þeim til aðstoðar komu sérsveitarmenn frá embætti ríkislögreglustjóra. Fljótt varð ljóst að mikil hætta var á ferð, en íbúi í fjölbýlishúsinu, karl á sextugsaldri, var vopnaður haglabyssu og skaut að lögreglunni. Hann sinnti ekki fyrir mælum lögreglu og eftir að hafa beitt gasvopnum gegn mannum héldu sérsveitarmenn inn í íbúð hans. Þar var skotið á þá nokkrum skotum, og því varð lögreglan að grípa til vopna og særa manninn. Hann var strax fluttur á slysadeild, en lést af sárum sínum.

Málið í Árbæ var harmleikur, en þau voru fleiri dapurlegu málin sem lögreglan stóð frammi fyrir á árinu. Seinni hlutann í mars var tilkynnt um andlát stúlkubarns á Landspítalanum, en þangað hafði faðirinn komið með barnið stuttu áður. Grunsemdir vöknudu um að dauða stúlkunnar, sem var fimm mánaða gömul, hefði borið að með saknæmum hætti. Bráðabirgðaniðurstæða réttarlæknisfræðilegrar rannsóknar renndi stoðum undir að andlát barnsins mætti rekja til svokallaðs „Shaken baby syndrome“, þ.e. að barnið hafi verið hrist það harkalega að það hafi orsakað blæðingar inn á heila þess. Faðirinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald og í framhaldinu í farbann, en hann var síðan ákærður fyrir stórfellda líkamsárás.

8. ágúst

HROTUR VÖKTU ÁHYGGJUR

Óskað var eftir aðstoð lögreglu að húsi í Hafnarfirði um kaffileytið í gær. Þar hafði ungur maður brugðið sér í bað, en móðir hans varð áhyggjufull þegar einkennileg hljóð bárust frá baðherberginu. Hún reyndi að komast þar inn, en dyrnar voru læstar og hvorki bank á hurðina né hróp konunnar virtust ná til þiltsins og því hringdi móðirin í lögregluna. Tveir laganna verðir héldu strax á staðinn, en þegar þeir áttu skammt eftir á vettvang bárust þær upplýsingar í talstöðina að hættan væri liðin hjá og málið því leyst. Eins og stundum áður var einföld skýring á öllu saman, en hún var sú að pilturinn hafði sofnað í baðinu en hljóðin sem frá því bárust reyndust vera hroturnar í unga manningum.

lrh.is

Sem fyrr kom fjöldi ofbeldisbrota til rannsóknar hjá embættinu. Alvarlegar líkamsárásir voru á móta margar og árið á undan, en minni háttar líkamsárásur fjölgaði eitthvað á sama tímabili. Sumar árásanna voru mjög hrottafengnar, en um mitt sumar var tveimur mönnum misþyrmt illilega í umdæminu. Annar mannanna var enn fremur fluttur nauðugur á annan brotavettvang utan höfuðborgarsvæðisins, en þar héldu barsmíðarnar áfram. Að verki voru nokkrir misindismenn, sem allir höfðu áður komið við sögu hjá lögreglu. Við ódæðin notuðu þeir barefli og eggvopn af ýmsu tagi. Annars átti um helmingur ofbeldisbrota í umdæminu sér stað að kvöld- og næturlagi um helgar, og þar var eitt svæði meira áberandi en önnur. Oftar en ekki var um að ræða líkamsárásir í miðborg Reykjavíkur, en meira en þriðjungur allra líkamsárása á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 átti sér þar stað.

Mörg kynferðisbrot voru líka til rannsóknar hjá embættinu árið 2013, en um verulega fjölgun mála var að ræða miðað við árið á undan. Í ársbyrjun var karl á sjötugsaldri úrskurðaður í gæsluvarðhald, en rannsókn lögreglu á brotum mannsins var viðamikil og hlaut mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Brot hans voru svívirðileg, eins og alltaf þegar



28. júní

SKÓGARPRÖSTUR Í SJÁLHELDU


Verkefni lögreglunnar eru æði fjölbreytt og margt getur gerst á vaktinni. Þannig var því einmitt farið í nótt, en þá var óskað eftir lögregluaðstoð að húsi í Fossvoginum. Þar hafði skógarpröstur gert sig heimkominn í óþökk húsfreyjunnar, sem gerði sitt ítrasta til að koma hinum óboðna gesti út úr húsinu. Hún hafði ekki erindi sem erfiði og engu breytti þótt nágrannarnir kæmu konunni til hjálpar. Hringt var í lögregluna sem brást skjótt við og sendi tvo þrautþjálfaða lögreglumenn á vettvang. Fuglinn var að finna í skorsteininum, en þangað hafði hann flögnað niður og sýndi ekki á sér neitt fararsnið. Prösturinn virtist ekki áhugasamur um að fara lengra niður og inn í íbúðina og var það bót í máli. Staðan var hins vegar alvarleg og ljóst að ekki yrði hægt að kveikja upp í arminum á þessu heimili ef fuglinn tæki sér bólfestu í skorsteininum. Til þess kom þó ekki því samræmdar aðgerðir á vettvangi leiddu til þess að skógarprösturinn var losaður úr prisundinni og virtist hann vera frelsinu feginn. Húsfreyjan var lögreglunni afar þakklát fyrir aðstoðina og væntanlega hefur henni, sem og öðrum heimilismönnum, verið létt þegar hægt var að ganga aftur til náða.

lrh.is

um kynferðisbrot er að ræða, og því miður voru fleiri sem brutu af sér með þeim hætti. Um miðjan maí var karl á fertugsaldri handtekinn í Reykjavík, en sá braut kynferðislega gegn stúlku á ellefta ári. Handtöku brotamannsins mátti þakka stúlkunni sjálfri, en þrátt fyrir ömurlega lífsreynslu gat hún gefið lögreglu greinargóða lýsingu á manningum og bílnum sem hann var á. Málið vakti mikinn óhug, en stúlkan var á heimleið úr skóla þegar maðurinn tók hana með valdi og neyddi í bifreið sem hann hafði til umráða. Því næst ók maðurinn með stúlkuna á afvikinn stað í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og braut gegn henni.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á mikið magn amfetamíns árið 2013, en stærstur hluti þess var sendur í nokkrum póstsendingum til landsins snemma árs. Það voru starfsmenn tollyfirvalda, með aðstoð fíkniefnaleitarhunda, sem fundu fíkniefnin, en málið var unnið í samvinnu við dönsk lögregluþyrirvöld. Danmörk kom við sögu í fleiri fíkniefnamálum, sem teygðu anga sína til Íslands, en um tíma var á annan tug Íslendinga í gæsluvarðhaldi ytra af þeim sökum. Samhliða því að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna til landsins var áfram unnið ötullega að því að stöðva sölu og dreifingu hinna skaðlegu efna. Jafnframt var lögð áhersla á að koma í veg fyrir framleiðslu fíkniefna innanlands.

Þrátt fyrir að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið mörg erfið mál til úrlausnar, eins og hér hefur stuttlega verið rakið, má það samt ekki gleymast að ágætur árangur náðist á ýmsum sviðum árið 2013. Þar ber einna hæst að innbrotum fækkaði verulega og hafa ekki verið færri á ári frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni. Hér á eftir er farið frekar yfir helstu verkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2013. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir sama tímabil er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu* (útgef. 2014).



15. febrúar

NAKTIR MENN Á HARÐAHLAUPUM

Tveir kviknaktir menn sáu til á harðahlaupum á lóð Stjórnarráðsins í Lækjargötu í nótt. Óljóst er hvað mönnum gekk til en þó má fullvist telja að þeir voru ekki á leið á ríkisstjórnarfund. Vitni, sem sá til strípalínganna, hafði samband við lögreglu, en þegar hún kom á vettvang voru mennirnir á bak og burt. Að sögn tilkynnanda höfðu hinir allsberu klætt sig úr fötunum í biðskýli sem er gegnt Stjórnarráðinu, gengið yfir götuna og síðan hlaupið um lóðina, eins og áður sagði. Eftir uppátækið fóru mennirnir aftur í biðskýlið og klæddu sig í spjarinnar áður en þeir hurfu sjónum. Athæfi þeirra er ekki til eftirbreytni og er m.a. brot á lögreglusamþykkt. Hitt ætti líka öllum að vera ljóst að það að hlaupa um nakinn í frosti getur auðveldlega komið manni í rúmið með slæmt kvæf og mikinn hita!

lrh.is

Líkamsárásir

Alvarlegar líkamsárásir á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 voru á móta margar og árið á undan, eða 120. Ofbeldisbrotum fjölgaði samt í umdæminu því minni háttar líkamsárásir voru nokkru fleiri árið 2013 í samanburði við 2012. Samanlagt voru ofbeldisbrot um 750, en þriðjungur allra líkamsárása átti sér stað í miðborg Reykjavíkur og kom kannski fáum á óvart. Um helmingur allra ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu átti sér jafnframt stað að kvöld- og næturlagi um helgar. Þetta árið var ekkert manndrápsmál til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Það verður að teljast mikil blessun því margar hinna alvarlegu líkamsárása (218. gr. alm. hegningarlaga) voru mjög hrottafengnar. Beitt var bareflum af ýmsu tagi. Ódæðismennirnir drógu stundum ekkert af sér og mátti jafnvel tala um pyndingar í einhverjum tilvikum. Hnífar komu líka iðulega við sögu og hending réði því að ekki hlytist af bani.

Um mitt sumar var tveimur mönnum á þrítugsaldri misþyrmt svo illilega, að líkt var við pyndingar. Málið var rakið til afbrýðisemi, en annar brotapolanna var sagður hafa átt vingott við fyrverandi kærustu þekktu brotamanns. Sá síðastnefndi var handtekinn í sumarþustað á Suðurlandi eftir mikla leit lögreglu. Fjórir aðrir karlar voru handteknir í

5. júlí

ÁRÁSARGJARN KÖTTUR

Sjaldgæft er að fólk verði fyrir árás katta, en slíkt mál var tilkynnt til lögreglunnar á dögunum. Karl á fimmtugsaldri hringdi þá og greindi frá því að á hann hefði ráðist köttur í vesturborginni. Lögreglan var fljót á staðinn og hittu manninn að máli. Hann reyndist óslasaður eftir viðskipti sín við köttinn, en sá síðarnefndi fannst ekki þrátt fyrir nokkra leit. Maðurinn hugðist ekki aðhafast neitt frekar í málinu, en taldi mikilvægt að tilkynna það, ekki síst ef kötturinn ætti aftur eftir að koma við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

22. september

LÖGREGLULAGABROT

Nokkuð er um að fólk hlýti ekki fyrir mælum lögreglu, en slíkt getur dregið dilk á eftir sér. Spurningar vegna þessa berast lögreglu annað slag, en hún vísar þá til lögreglulaga nr. 90/1996. Í 41. grein þeirra (Refsingar) segir orðrétt: Brot gegn 19. - 21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Í fyrir mælum ríkissaksóknara frá árinu 2009 segir enn fremur þetta: Brot gegn 19. gr. lögreglulaga, fyrir mælum lögreglu ekki hlýtt. Sekt ákvarðast eftir eðli og umfangi brota kr. 10.000 - 500.000.

Svo mörg voru þau orð, en vonandi varpar þetta einhverju ljósi á fésektir þegar lögreglulagabrot eru annars vegar.

lrh.is

þágu rannsóknarinnar, en þeir höfðu sömuleiðis allir komið áður við sögu hjá lögreglu. Einn þeirra fór úr landi eftir líkamsárásirnar, en var handtekinn við komu til landsins nokkrum vikum síðar. Um var að ræða sérstaklega hættulegar líkamsárásir, en fórnarlömbin voru jafnframt svipt frelsi. Brotapolarnir voru fluttir á milli staða á höfuðborgarsvæðinu, en annar þeirra var enn fremur færður í hús í öðru lögregluumdæmi og þar var áfram gengið í skrokk á honum. Að lokum losnaði maðurinn úr þrúundinni þar, en hafði þá verið afklæddur og settur í svartan ruslapoka. Fimm menningarnir höfðu sig mismikið í frammi, en allir fengu þeir þunga fangelsisdóma fyrir ódæðisverkin. Rannsókn málsins vakti mikla athygli og vafalaust óhug margra. Aðfarir hrottanna þóttu með ólíkindum, en þeir spörkuðu ítrekað í brotapolana og stungu með ýmsum áhöldum. Og er þá aðeins greint frá hluta þeirra misþyrminga sem fórnarlömbin máttu þola.

Kona um tvítugt fékk líka að kenna á því þegar barnsfaðir hennar kom á heimili hennar í Mosfellsbæ um jólin, en fólkíð bjó ekki saman. Maðurinn beitti hana miklu ofbeldi, en konan náði að komast undan. Barn þeirra varð hins vegar eftir í íbúð konunnar, en maðurinn hótaði að vinna því mein. Þegar lögreglan kom á vettvang hótaði maðurinn enn öllu illu og lét sér ekki segjast. Fór svo að hann var yfirbugaður af sérsveitarmönnum, en barnið sakaði ekki. Oftsinnis voru nán tengsl á milli gerenda og þolenda í líkamsárásarmálum, en Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust hátt í 1.000 tilkynningar um ágreining eða ofbeldi milli skyldra aðila árið 2013.

Því miður urðu önnur og hörmulegri málalok þegar lögreglan var kölluð á Landspítalann síðla vetrar. Þangað var fimm mánaða gömul stúlka flutt með sjúkrabíl eftir að faðir hennar óskaði aðstoðar, en ekki tókst að bjarga lífi hennar. Grunsemdir vöknudu um að dauða stúlkunnar hefði borið að með saknæmum hætti, og var

faðir stúlkunnar, maður á þrítugsaldri, handtekinn í þágu rannsóknarinnar og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Bráðabirgðaniðurstaða réttarlæknisfræðilegrar rannsóknar renndi stoðum undir að andlát barnsins mætti rekja til svokallaðs „Shaken baby syndrome“, þ.e. að barnið hafi verið hrist það harkalega að það hafi orsakað blæðingar inn á heila þess. Faðirinn, sem var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás, bjó með móður stúlkunnar þegar hinn hræðilegi atburður gerðist, en fjölskyldan var búsett í austurhluta borgarinnar.



6. febrúar

STOLIN VINNUVÉL FANNST Í GÁMI

Við reglubundna tollskoðun gáma á hafnarsvæði í síðustu viku vöknudu grunsemdir um að í einum þeirra væri að finna illa fengna muni. Í gámnum, sem fyrirhugað var að senda úr landi, var m.a. að finna vinnuvél, sem hafði verið stolið á höfuðborgarsvæðinu í síðasta mánuði. Lagt var hald á vélna og henni síðan komið aftur í réttar hendur. Þess má geta að fíkniefnaleitarhundur tollgæslunnar aðstoðaði við leit í gámnum

lrh.is

28. nóvember

FARSÍMAÞJÓFNAÐIR

Frá árinu 2010 til 2013 hefur farsímaþjófnum fjölgað mjög mikið í miðborg Reykjavíkur, eða úr 88 þjófnum í 330. Margir þessara þjófnaða eiga sér stað á skemmtistöðum í miðborginni. Lögreglan hvetur því gesti veitingastaða til sérstakrar varkárni að þessu leyti, hafa handtöskur lokaðar og geyma ekki síma sína á borðum eða glámbekk þar sem óþrútnir aðilar geta nálgast þá.

Lögreglan hvetur einnig veitingamenn til að halda vöku sinni, gera viðeigandi ráðstafanir ef grunur vaknar um óvandaða aðila á ferð og stuðla þannig að fækkun þessara þjófnaða.

lrh.is

Innbrot og þjófnaðir

Innbrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði verulega árið 2013 og hafa ekki verið færri á ári frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni. Hér er um að ræða afar ánægjulega þróun, en Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur gengið alveg bærulega að upplýsa innbrot undanfarin ár. Árið 2009 var reyndar sýnu verst í þeim efnum, en þá var tilkynnt um nálægt 2.900 innbrot í umdæminu. Frá þeim tíma hefur orðið mikill viðsnúningur, en árið 2013 voru tilkynnt um 850 innbrot á höfuðborgarsvæðinu, en þjófnaðarbrot voru samtals nálægt 4.200. Til samanburðar voru þjófnaðarbrot í umdæminu um 7.000 árið 2009 og því hefur tekist að snúa þróuninni við. Innan við þriðjungur allra innbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 voru innbrot á heimili, en lögreglan leggur mikla áherslu á að upplýsa þau. Um 100 sinnum var brotist inn í fyrirtæki í umdæminu, en innbrot í ökutæki voru ívið fleiri, eða um 120. Innbrotin áttu sér stað víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og á öllum tímum sólarhringsins.

Í ársbyrjun upplýsti Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fjölda innbrota í heimahús í umdæminu. Tveir erlendir ríkisborgarar, báðir á fertugsaldri, voru handteknir í þágu rannsóknarinnar og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Við húsleit á dvalarstað þeirra fundust skartgripir, en hluta þeirra var búið að pakka niður og taldi lögreglan að senda hafi átt skartgripina úr landi. Alls var lagt hald á muni úr tæplega 20 innbrotum, en hingað höfðu mennirnir komið í árslok 2012 og strax hafist handa. Í fórum þeirra var einnig að finna dágóða upphæð í evrum, en peningana taldi lögreglan einnig vera illa fengna og tók þá sömuleiðis í sína vörslu. Síðla árs kom annar útlendingur við sögu hjá lögreglu, en sá fór mikinn og braust inn í heimahús í Kópavogi og stal fartölvum og myndavélum, auk skartgripa. Handtöku innbrotspjófsins mátti ekki síst þakka árvekni ónefnds íbúa, en sá lét lögreglunni í té upplýsingar sem komu henni á sporið. Oftar en ekki urðu einmitt upplýsingar frá almenningi til þess að upplýsa innbrot í umdæminu.




7. mars

ÞJÓFAR STÁLU RÆKJUM OG SVÍNAKJÖTI

Brotist var inn í frystigám í Sundagórðum í síðustu viku og úr honum stolið verulegu magni af rækjum og svínasiðum. Ljóst er að þjófarnir lögðu mikið á sig til að komast inn í gáminn, sem er á lokuðu svæði fyrirtækisins Mata. Innbrotið var tilkynnt til lögreglu sl. laugardagsmorgun, en þjófarnir hafa látið greiðar sópa þá um nóttina eða á föstudeginum eftir kl. 17. Þeir sem geta veitt upplýsingar um málið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000 en einnig má senda upplýsingar í tölvupósti á netfangið abending@lrh.is

lrh.is



Pótt útlendingar hafi komið við sögu í innbrotum á höfuðborgarsvæðinu voru samt rammíslenskir þjófvarnarmiklu oftast að verki. Einn slíkur, karl um þrítugt, braust inn á mörgum stöðum á árinu og stal öllu steini léttara. Rannsókn á brotum mannsins var umfangsmikil, en þegar henni lauk hafði tekist að upplýsa mörg innbrot. Þjófurinn náði að selja hluta af þýfinu, en eitthvað af því tókst lögreglunni að endurheimta. Þeir sem keyptu af mannum sátu eftir með sárt ennið, en hinir sömu ættu að hafa hugfast að ef eitthvert tilboð hljómar of gott til að vera satt að þá er það örugglega þannig. Verðmæti var annars víða að finna, en á annað hundrað ökutæki urðu fyrir barðinu á þjófum. Á haustmánuðum var brotist inn í bíl í iðnaðarhverfi í borginni og úr honum stolið fjölmörgum verkfærum. Lögreglunni tókst að endurheimta verkfærin og upplýsa málið, en þjófurinn reyndist vera góðkunningi hennar. Sá hafði falið verkfærin á nokkrum stöðum, en snjallir lögreglumenn sáu við honum.

Þrátt fyrir mikla fækkun innbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 átti það ekki við um öll þjófnáðarbrot. Mikið var um þjófnáði á skemmtistöðum, sérstaklega í miðborginni. Þjófarnir voru einkar bírafnir og stálu bæði af fólki innanhúss og utan. Dæmi voru um mál þar sem stolið var af gestum skemmtistaða á meðan þeir biðu þess að verða hleypt inn. Vegna þessa bað Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gesti á skemmtistöðum að vera sérstaklega á varðbergi, en það breytti litlu. Farsímaþjófnum fjölgaði því í miðborginni, en ótal töskum var líka stolið á skemmtistöðum. Þar hurfu líka yfirhafnir af ýmsu tagi, t.d. jakkar, frakkar og úlpur. Áhugavert er að velja því upp hvað verður um hina stolnu muni en lögreglan hvatti almenning til að sýna ábyrgð og gæta að sér við kaup á varningi á Netinu.

26. apríl

AÐGERÐIR GEGN SKIPULAGÐRI GLÆPASTARFSEMI

Undanfarin misseri hefur lögreglan í auknum mæli beint sjónum sínum að skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi. Hópur lögreglumanna frá lögregluliðunum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hefur helgað sig þessu verkefni frá árinu 2011, en þá var fjármagni veitt sérstaklega til að bregðast við og spyrna fótum gegn slíkri starfsemi. Önnur lögregluembætti sem og tollyfirvöld hafa einnig lagt baráttunni lið, en árangurinn af henni var kynntur á blaðamannafundi lögreglunnar á þriðjudag.

Þar kom m.a. fram að lagt hefur verið hald á töluvert magn af fíkniefnum og vopnum. Fjölmargir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar mála, en hinir sömu hafa setið í varðhaldi sem nemur um 1200 dögum. Aðgerðirnar hafa beint gegn svokölluðum vélhjólateggjum (t.d. Outlaws og Hells Angels), en mat lögreglu er að þær hafi skilað góðum árangri. Lögreglan hefur gert gengjunum erfitt fyrir með öflugum eftirliti og hefur meðlimum þeirra fækkað, sem er góðs viti. Þá hefur fjöldi refsímála verið rekinn fyrir dómstólum í kjölfar afskipta lögreglu af hópum og einstaklingum, sem taldir eru tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Í mörgum þessara mála hafa þungir fangelsisdómar gengið.

Lögreglan fylgist áfram með starfsemi gengjanna, en í

Rán og fjársvik

Fjórir karlar á aldrinum 18-23 ára sátu í gæsluvarðhaldi í júní í tengslum við rannsókn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á ráni og frelsissviptingu í fjölbýlishúsi í Grafarvogi, en tveir þeirra voru síðan úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald. Árásarmennirnir ruddust inn í íbúð karls á sjötugsaldri, bundu hann á höndum og fótum og stálu frá honum átta skotvopnum úr vopnaskáp, auk skotfæra. Brotapoli og árásaraðilar þekktust ekki, en varsla skotvopnanna á heimili mannsins var í fullu samræmi við það sem reglur kveða á um. Skotvopnin voru endurheimt samdægurs, en þau fundust við húsleit í Hafnarfirði. Tvær aðrar húsleitir voru framkvæmdar í sama bæjarfélagi og fundust þá nokkur vopn til viðbótar, en í báðum tilvikum var um að ræða húsnaði sem tengdist Outlaws. Fjórmenningarnir, sem höfðu áður komið við sögu hjá lögreglu, ógnuðu brotapolu með hnífi. Þann síðarnefnda sakaði ekki, en var mjög brugðið. Nálægt 50 rán voru framin í umdæminu árið 2013, sem er ámóta og árið á undan.

Í janúar falaðist karl á fertugsaldri eftir kynlífsþjónustu, en maðurinn svaraði auglýsingu þess efnis sem birtist í blaði. Hann mælti sér mót við konu um tvítugt og ók þeirra erinda að húsi í Kópavogi. Þar rétti maðurinn henni peninga út um bílgluggann, en þeir voru greiðsla fyrir kynlíf. Konan tók við peningunum, en hvarf síðan strax af vettvangi. Í sama mund settust tveir menn, annar á þrítugsaldri en hinn á fertugsaldri, inn í bíl mannsins og freistuðu þess að hafa af honum meiri verðmæti. Kom til orðaskipta, en svo fór að yngri maðurinn lagði hníf að hálsi ökumannsins og veitti honum áverka. Eftir árásina fór ökumaðurinn til síns heima og hafði þá samband við lögreglu og tilkynnti um málið. Mennirnir voru handteknir eftir nokkra leit, en ávinninginn af brotinu nýttu þeir til að kaupa fíkniefni í félagi við áðurnefnda konu. Þess má geta að sá sem var vopnaður hnífi kom við sögu í öðru máli árið 2013, en þá var tveimur mönnum misþyrmt illilega. Um það er fjallað annars staðar í ársskýrslunni.



vetur hefur hún ennfremur kortlagt vændisstarfsemi eins og hún birtist á Netinu. Þetta hefur leitt til þess að fjölmörg slík mál eru nú til rannsóknar. Vegna þeirra hafa um sextíu vændiskaupendur verið yfirheyrðir eða mætt til skýrslutöku hjá lögreglu. Rætt hefur verið við allnokkrar vændiskonur, en mál þeirra eru m.a. skoðuð m.t.t. mansals.

lrh.is



Fjölmörg fjársvikamál voru til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2013, en svikahrapparnir beittu ýmsum aðferðum og svifust einskis. Blekkingar sumra voru með ólíkindum, en karl á þrítugsaldri var í þeim hópi. Maðurinn, sem var í gæsluvarðhaldi um tíma, var sakaður um stórfelld fjársvik, en lögreglu bárust margar kærur á hendur honum. Maðurinn stóð fyrir ýmsu án þess þó að geta talist hafa forsendur til að uppfylla slíkar skuldbindingar og seldi m.a. eða bauð tiltekna þjónustu, t.d. námskeið í öryggisvörslu og að annast ávöxtun peninga erlendis. Hann var líka kærður fyrir að hafa með sviksamlegum hætti komist yfir prókúru á einkahlutafélagi og í framhaldi stofnað til reikningsviðskipta við fjölda fyrirtækja, sem hann notaði til vöruúttekta og þjónustukaupa. Rannsókn málanna var umfangsmikil, en lögreglu tókst að endurheimta vörur fyrir um 10 milljónir króna. Fjárhæð kærðra fjársvika mannsins nam hins vegar á fjórða tug milljóna.


15. febrúar

SOFNADI Á VETTVANGI

Karl um fertugt var handtekinn í iðnaðarhúsnæði í Garðabæ í gær. Maðurinn, sem var ölvaður, braut rúðu í húsinu til að komast inn, en þegar lögreglan kom á vettvang var viðkomandi steinsofandi innandyra. Erfiðlega gekk að vekja manninn, sem var fluttur í fangageymslu. Ekki er vitað hvað honum gekk til, en maðurinn hafði engu stolið þegar að honum var komið.

lrh.is

Tölvuprjótar voru líka til rannsóknar hjá embættinu, en mál þeirra vöktu upp ýmsar spurningar um netöryggi. Innbrot í tölvukerfi fjarskiptafyrirtækis seint á árinu var raunar eitt umtalaðasta mál ársins, en í lok nóvember varð ljóst að heimasíða fyrirtækisins hafði orðið fyrir árás. Tölvuprjótarnir afrituðu tugþúsundir sms-skilaboða, en þeim var síðan komið í opinbera birtingu á Netinu. Innbrotið var fjarskiptafyrirtækinu og viðskiptavinum þess mikið áfall, enda voru sms-skilaboðin persónugreinanleg. Við rannsókn málsins leitaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar Europól, en talið var að hópur tölvuhakkara frá Tyrklandi hefði verið þarna að verki. Hópurinn var grunaður um fleiri tölvuárásir á fyrirtæki og stofnanir á Vesturlöndum undanfarin misseri, en ekki hafði tekist að hafa hendur í hári tölvuhakkaranna.





18. desember

AÐ TÝNA BÍLNUM SÍNUM

Tilkynningar til lögreglu um stolin ökutæki eiga ekki alltaf við rök að styðjast, því staðreyndin er sú að sumir öikumenn hreinlega týna bílnum sínum. Þetta kann að hljóma einkennilega, en hér er átt við þá sem fara í bæinn að sinna erindum og finna síðan ekki bílana sína að því loknu! Þeir eru sem sagt búnir að gleyma því hvar bílnum var lagt. Þá er stundum hringt í lögregluna og jafnvel fullyrt að bílnum hafi verið stolið. Mörg dæmi eru um þetta, en gleymiskan hrjár bæði unga sem aldna öikumenn. Þetta er rifjað upp hér því nú er jólaösin hafin fyrir alvöru og því nauðsynlegt að reyna að leggja vel á minnið hvar maður skilur bíllinn sinn eftir. Við vonum að sem fæstir, og auðvitað helst enginn, lendi í þeim leiðindum að týna bílnum sínum fyrir jólin.

lrh.is

Umferðareftirlit

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt úti viðamiklu umferðareftirliti í umdæminu árið 2013. Áfram var lögð áhersla á sýnileika lögreglunnar, ekki síst á stöðum þar sem umferðaróhöpp og slys hafa verið tíð. Frá upphafi hefur eitt markmiða Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verið að fækka slysum á vegfarendum, en vel hefur miðað í þá átt undanfarin ár. Á þeim vettvangi er samt hægt að gera enn betur, en hér er um sameiginlegt verkefni allra að ræða. Sem fyrr hélt embættið úti sérstökum myndavélabil, sem var einkum notaður við hraðamælingar í íbúðahverfum. Niðurstöðurnar eru notaðar til að bregðast við þegar svo ber undir, en oft er hægt að draga úr hraða í íbúðahverfum með tiltölulega einföldum hætti.

Þrátt fyrir góða viðleitni tókst ekki að fækka umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu árið 2013. Að meðaltali varð eitt umferðarslys í umdæminu alla daga ársins, sem er ármóta og árið á undan. Þegar rýnt var betur í tölfærðina mátti sjá að umferðarslys árið 2013 voru ívið fleiri í samanburði við árið 2012. Það voru ákveðin vonbrigði, en ekki má samt gleyma því sem þegar hefur áorkast í þessum efnum. Lögreglan leitaði ýmissa leiða í umferðarmálum, en í ársbyrjun skoraði hún á öikumenn að gera betur og fækka slysum á höfuðborgarsvæðinu. Það skilaði ekki tilætluðum árangri, en viðbúið er að lögreglan haldi áfram að skora á öikumenn að gera betur. Íðulega var um að kenna óaðgæslu þeirra, en umferðarslys og óhöpp mátti gjarnan rekja til hraðaksturs og/eða of stutts bíls milli ökutækja. Lögreglan var jafnframt ópreytandi við að miðla ábendingum til öikumanna og vegfarenda. Oft var um að ræða atriði sem sumum þykja lítilfjörleg, en skipta öllu máli þegar umferðaröryggi er annars vegar, t.d. notkun bílbelta.

8. janúar

ÓHÆFUR ÖKUMÆÐUR MEÐ BÖRN Í BÍLNUM

Kona var stöðvuð við akstur á höfuðborgarsvæðinu í gærkvöldi. Hún var undir áhrifum fíkniefna. Með í för voru börnin hennar, en gerðar voru viðeigandi ráðstafanir í þeirra þágu og barnaverndaryfirvöld upplýst um málið. Mamman var hins vegar handtekin og flutt á lögreglustöð. Því miður er mál sem þetta ekki einsdæmi.

lrh.is

Að venju var umferðareftirliti haldið úti í umdæminu alla daga ársins, en ákveðin verkefni eru þó bundin árstíma. Nefna má eftirlit með því að búnaður ferðavagna sé í lagi og að sömu tæki hafi undirgengist lögbundna skoðun. Fylgst var með ferðavögnum yfir sumartímenn, og þá einkum umferð þeirra til og frá höfuðborgarsvæðinu. Um verslunarmannahelgina var sérstakt eftirlit með umferð eins og jafnan áður, en í seinni tíð eru fleiri stórar umferðarhelgar yfir sumarið og eftirlit lögreglunnar hefur tekið mið af því. Í upphafi skólaárs var sömuleiðis aukið umferðareftirlit í nágrenni grunnskóla og enn fremur á helstu stofnæðum höfuðborgarsvæðisins, enda eykst þá umferð á götum í umdæminu til mikilla muna. Eftirlit með ölvunar- og fíkniefnaakstri stendur vitaskuld yfir allt árið, en í jólamánuðinum er það jafnan aukið umtalsvert. Svo var einnig árið 2013, en af þeim sökum voru þúsundir ökumanna stöðvaðar á höfuðborgarsvæðinu í desember.





14. júní

STUTT GAMAN

Það var heldur stutt gamanið hjá unga ökumanninum sem lögreglan stöðvaði á höfuðborgarsvæðinu á dögunum. Sá var í sinni allra fyrstu ökuferð, en viðkomandi hafði öðlast ökuréttindi nokkrum mínútum áður en lögreglan stóð hann að hraðakstri. Bill ökumannsins mældist á tæplega 120 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði er 60. Fátt var um svör þegar spurt var um aksturslagið, en vonandi lærir ungi ökumaðurinn sína lexíu og kemur aftur í umferðina sem betri ökumaður. Hann fær nú tíma til að hugsa ráð sitt, en bæði svipting og sekt liggur við hraðakstri af þessu tagi.

lrh.is

Banaslys og hraðakstursbrot

Tvö banaslys urðu á höfuðborgarsvæðinu árið 2013, en þetta var þriðja árið í röð sem tveir dóu í umferðinni. Það er þyngra en tárur taki, en leita verður allra leiða til að fækka banaslysum. Sama á við um umferðarslys almennt, en mörg þeirra voru mjög alvarleg og afleiðingarnar eftir því. Fyrra banaslysið í umdæminu varð á Suðurlandsvegi í ágúst, en þá lést karl á þrítugsaldri þegar rúta og fólksbíl lentu saman við Rauðavatn. Hinn látni stýrði bílnum, en ökutæki hans fór yfir á öfugan vegarhelming með þessum hörmulegu afleiðingum. Um borð í rútunni var hópur þýskra ferðamanna, ásamt bílstjóra, en þá sakaði ekki. Seinna banaslysið á höfuðborgarsvæðinu varð um jólahátíðina, en þá lést karl um fertugt. Hann missti stjórn á bíl sem var ekið á Reykjanesbraut í Reykjavík, en bíllinn hafnaði utan vegar. Ökumaðurinn var einn í bílnum, líkt og í banaslysinu á Suðurlandsvegi.

Hraðakstursbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 voru rúmlega 11.000, en lögreglan var við hraðamælingar víðs vegar í umdæminu. Margir fengu sekt fyrir að aka of hratt í gegnum Hvalfjarðargöngin, en brotahlutfallið þar er samt mjög lágt miðað við fjölda ökutækja sem fer um göngin á hverjum sólarhring. Myndavélabíll lögreglunnar var líka mikið á ferðinni, og myndaði brot fjölmarga ökumanna í íbúðahverfum hér og þar í umdæminu.


24. janúar

SÝNUM POLINMÆÐI - VERUM TILLITSSÖM

Daglega sér lögreglan hluti í umferðinni sem betur mætti fara. Vegfarendur eru líka sjálfir duglegir að koma ábendingum á framfæri, en öll viljum við stuðla að meira öryggi í umferðinni. Því er hægt að ná með ýmsu móti en mikilvægt í því sambandi er ekki síst að ökumenn búi yfir þolinmæði og tillitssæmi. Á þessu er stundum skortur en þetta er rífað upp hér vegna atviks í umferðinni á dögunum. Karl á miðjum aldri ók þá bíl sínum einn morguninn í lítilli umferð vestur Suðurlandsbraut og hugðist halda áfram sómu leið eftir Laugavegi. Við gatnamót að Kringlumýrarbraut kom rautt ljós og því nam maðurinn staðar. Einhverjum sekúndum seinna, á meðan enn logaði rautt ljós á fyrirhugaðri akstursstefnu, varð maðurinn var við sjúkrabíl í forgangsakstri. Sjúkrabílnum, með blá blikkandi ljós og tilheyrandi sírenuhljóði, var ekið norður Kringlumýrarbraut. Sjúkrabíllinn var svo gott sem kominn að þessum fyrrnefndu gatnamótum þegar grænt ljós kviknaði á akstursstefnu mannsins, en sá hugðist aka vestur Laugaveg eins og áður sagði. Hinna sami aðhafðist eðlilega ekkert heldur beið eftir því að sjúkrabíllinn færi yfir gatnamótin. Nú er frá því að segja að aftan við bíl mannsins var annar bíll og í honum ökumaður sem beið þess líka að aka vestur Laugaveg. Sá var hins vegar á svo mikilli


Ástand ökumanna var heldur ekki alltaf til fyrirmyndar, en 900 voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu. Það eru nokkru fleiri en árið á undan, en þeim fjölgaði líka sem voru teknir fyrir fíkniefnaakstur í samanburði við árið 2012, en rúmlega 800 ökumenn voru teknir fyrir þær sakir árið 2013. Sumir voru teknir fyrir þessi brot oftast en einu sinni, og dæmi voru um ökumenn í annarlegu ástandi sem voru jafnvel stöðvaðir tvisvar á sama sólarhring. Nokkrir sem voru teknir fyrir fíkniefnaakstur á árinu voru enn fremur með barn í bílnum, en slík mál eru því miður ekki einsdæmi. Þá eru alltaf gerðar viðeigandi ráðstafanir og barnaverndaryfirvöld upplýst um málin.

Árlega eru margir ökumenn sviptir ökuleyfi á höfuðborgarsvæðinu vegna umferðarlagabrota, en hluti þeirra keyrir samt áfram eins og ekkert hafi iskorist. Árið 2013 stöðvaði lögreglan um 600 ökumenn, sem höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi. Sömuleiðis eru margir sem aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi, en 250 ökumenn voru teknir af þeirri ástæðu. Lögreglan stöðvaði einnig 500 ökumenn sem töluðu í síma við akstur án þess að nota handfrjálstan búnað, og enn fleiri, eða um 550, voru teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi. Að vanda fjarlægði lögreglan skráningarnúmer af fjölda ökutækja í umdæminu, en þau voru ýmist ótryggð eða óskoðuð, og jafnvel hvort tveggja. Samtals voru fjarlægð um 2.500 skráningarnúmer af ökutækjum á höfuðborgarsvæðinu árið 2013. Áfram voru höfð afskipti af ökutækjum sem var lagt ólöglega, en nokkuð hefur þó áunnist í þeim efnum. Stöðubrot voru samt fjölmörg, en rúmlega 6.000 ökumenn voru sektaðir í umdæminu vegna þessa.



hraðferð að hann flautaði hraustlega þegar græna ljósið kviknaði enda hreyfðist bíllinn fyrir framan ekki úr stað. Ökumaðurinn á fremra bílnum, sem síðar tilkynnti um málið til lögreglu, sagðist eitt andartak hafa hugleitt að fara út úr bílnum á gatnamótunum og ganga að bíl hins óforskammaða ökumanns og lesa honum pistilinn. Af því varð þó ekki en tilkynnandi bætti við að sennilega þýddi heldur ekkert að ræða við svona hálfvita, eins og hann orðaði það. Að endingu má geta þess að sjúkrabíllinn var fljótur yfir gatnamótin og í kjölfar þess var hinum bílnum tveimur ekið áfram og inn á Laugaveg enda logaði græna ljósið ennþá fyrir akstursstefnu þeirra. Tafir ökumannanna tveggja vegna neyðaraksturs sjúkrabílsins voru því í mesta lagi fáeinar sekúndur, en það var meira annar þeirra gat þolað.

lrh.is



Fréttir úr umferðinni

Ekki voru allir sem tóku afskiptum lögreglu vel, eða skildu við hana sáttir. Þannig var því t.d. farið með ungan pilt, sem lögreglan stöðvaði í umferðinni í desember. Sá ók gegn rauðu ljósi á gatnamótum í borginni og því var för hans stöðvuð. Vettvangsskýrsla um málið var fyllt út í lögreglubílnum að piltinum viðstöddum, og fékk hann síðan afritið í hendur og hugðist halda sína leið. Afskiptum lögreglu var hins vegar ekki lokið því um leið og pilturinn fór út úr lögreglubílnum henti hann afritinu í götuna eins og hverju öðru rusli. Hann var því kallaður aftur í lögreglubifreiðina og bent á að með þessari háttsemi hefði hann brotið gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Við svo búið fór pilturinn loks af vettvangi, en hann átti bæði yfir höfði sér sekt fyrir að aka gegn rauðu ljósi og einnig fyrir það að fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri, líkt og segir í áðurnefndri lögreglusamþykkt. Sem betur fer heyrta mál sem þessi til undantekninga enda voru samskipti lögreglu og borgaranna í langflestum tilvikum á mjög góðum nótum árið 2013.

Rafmagnsvespur komu nokkuð við sögu hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2013. Talsvert var kvartað undan akstri þeirra, en ökumenn þessara tækja þóttu ekki alltaf til fyrirmyndar í umferðinni. Um mitt sumar veittu lögreglumenn athygli vespu, sem var án skráningarkerfja, og hugðust ræða við ökumanninn. Sá sinnti ekki stöðvunarkerkjum og ók á brott, en vespan var knúin bensíni. Nærstaddar lögreglubifreiðar voru kallaðar til þar sem sýnt þótti að ökumaðurinn myndi ekki stöðva aksturinn, en á vespunni var einnig farþegi. Árangurslaust var reynt að stöðva för ökumannsins, m.a. með því leggja lögreglubifreiðum þannig að erfitt yrði að komast framhjá þeim. Svo fór að vespunni var ekið utan í ljósastaur og við það féllu ökumaður og farþegi af henni. Reyndust þar vera á ferð vinkonur, báðar 13 ára, en hvoruga sakaði alvarlega við byltuna.

22. janúar


UNGIR ÖKUMENN Á RÚNTINUM

Lögreglan hafði afskipti af nokkrum ungum ökuðnum um helgina. Sá yngsti í þeim hópi er 16 ára piltur, en sá hafði tekið bíl foreldra sinna traustataki og farið á rúntinn. Svo vel vildi til, bæði hans vegna sem og annarra vegfarenda, að kappinn ók framhjá lögreglustöðinni í Kópavogi, en þar var för hans stöðvuð snarlega. Í Hafnarfirði sá lögreglan til tveggja 17 ára piltu, sem voru líka á rúntinum, en hún stöðvaði einnig för þeirra. Annar þeirra hafði fengið fjölskyldubílinn lánaðan og allt gott um það að segja enda strákurinn kominn með bílpróf. Vinur hans og jafnaldri er hins vegar ekki kominn með bílpróf, en sá hafði fengið að prófa bílinn og ekið honum dágóða vegalengd. Í fyrstu reyndu vinirnir að ljúga sig út úr vandræðunum, en það var dæmt til að mistakast. Búast má við að af þessu verði eftirmál, ekki sist heima fyrir, en foreldrar piltanna voru mjög þakklátir lögreglu fyrir afskipti hennar af strákunum.

lrh.is

Oftar en ekki voru ökuðmenn með skýringar á reiðum höndum þegar þeir voru staðnir að hraðakstri í umdæminu. Margir sögðust hreinlega ekki hafa verið að fylgjast með hraðamælinum, en jafnframt álitíð sig aka mun hægar en hraðamæling lögreglunnar sagði til um. Karl á þrítugsaldri, sem lögreglan stöðvaði vegna hraðaksturs á höfuðborgarsvæðinu í júní, var hins vegar ekkert að þræta fyrir hraðamælinguna og sagði hreinskilnislega að hann hefði verið á hraðferð. Spurður nánar sagði maðurinn að hann hefði orðið þyrstur og því ekið beinustu leið að næstu sjoppu til að fá sér ískalda kók. Áður en þangað kom stöðvaði lögreglan för mannsins, en bíll hans mældist á 68 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði er 30. Maðurinn, sem hafði áður verið tekinn fyrir hraðakstur, var í kjölfarið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Uppátæki ökumanna gátu annars verið hin furðulegustu, en svo átti við eina helgina á haustmánuðum. Þá mætti heldur óvenjuleg sjón lögreglumönnum, sem voru við umferðareftirlit í vesturborginni. Þar mátti sjá fólksbifreið á ferð með kassa úr plasti í eftirdragi, en í kassanum sat ungur piltur. Jafnaldri hans ók bílnum, en hvað þetta uppátæki átti að fyrirstilla skal ósagt látið. För félaganna var stöðvuð hið snarasta enda málið grafalvarlegt og ljóst að farþeginn var í mikilli hættu. Ekki þarf að hafa mörg orð um dómgreindarleysi piltanna, en stutt var síðan annar þeirra var stöðvaður í umferðinni fyrir það sem kalla mátti þjánaskap. Þess má geta að nokkur umferð var um götuna þar sem áður nefndur háskaleikur fór fram.





1. mars

MENN OG MÁLLEYSINGJAR

Áhyggjufullur borgari hringdi í lögregluna í vikunni og greindi frá því að skammt frá Krýsuvíkurvegi væri kona á gangi með ungt barn í fanginu. Tilkynnanda fannst þetta heldur undarlegt og óttaðist að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir. Lögreglan tók málið að sjálfsögðu alvarlega og sendi lögreglumann strax á vettvang. Vel gekk að finna konuna, en hún reyndist vera með hund í fanginu. Ekkert amaði að konunni, en hún var vel búin til útivistar. Það sama verður hins vegar ekki sagt um hvutta því hann var dauðþreyttur og hafði gefist upp á göngunni. Konan virtist hins vegar vera í fínu formi og lét sig ekki muna um að halda á fjórfætlingnum. Ekki er vitað hvernig tegundar hundurinn var, en líklega var þetta einhverskonar smáhundur og sjálfsagt eru þeir misgóðir þegar langir göngutúrar eru annars vegar.

Hér fór því allt vel, en sem fyrr er mikilvægt að muna að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna en einu sinni of sjaldan. Hún reynir ávallt að bregðast við fljótt og vel og gildir þá einu hvort í hlut eiga menn eða mállleysingjar.

lrh.is

Harmleikur í Árbæ

Verkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru mörg og krefjandi á árinu, en eitt það allra erfiðasta var útkall sem lögreglumenn sinntu í árslok. Um þrjúleytið aðfaranótt mánudagsins 2. desember barst tilkynning um háværa hveli frá íbúð í fjölbýlishúsi í Hraunbæ í Árbæjarhverfi. Lögreglumenn brugðust skjótt við og héldu þegar á vettvang ásamt sérsveitarmönnum frá embætti ríkislögreglustjóra, enda ljóst að um hættuástand var að ræða. Í íbúðinni var maður vopnaður haglabyssu og skaut hann að lögreglunni. Gerðar voru ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við manninn, en þær reyndust allar árangurslausar. Skotið var að sérsveitarmönnum sem reyndu að kalla inn til mannsins og féll einn þeirra við, en skot hafnaði í skildi hans. Í kjölfarið dró lögreglan sig til baka og kallaði eftir auknum liðsstyrk. Aðrar íbúðir í stigaganginum voru jafnframt rýmdar og óskað var eftir sjúkrabifreiðum öryggisins vegna.

Enn var reynt að hafa samband manninn, en hann sinnti því í engu og skaut að lögreglunni út um glugga íbúðarinnar. Í ljósi almannahættu var því ákveðið að reyna að yfirbuga manninn og hófst sú aðgerð lögreglunnar um sexleytið. Beitt var gasvopnum, en síðan héldu sérsveitarmenn inn í íbúðina. Þar var skotið á þá nokkrum skotum, og því varð lögreglan að grípa til vopna og særa manninn. Hann var strax fluttur á slysadeild, en lést af sárur sínum. Eitt skot úr byssu mannsins hæfði sérsveitarmann í höfuðið, en sá var með góðan hlífðarbúnað og varð það honum til bjargar. Maðurinn sem lést, karl á sextugsaldri, hafði glímt við andleg veikindi og var hér um harmleik að ræða. Embætti ríkissaksóknara fór með rannsókn málsins.


22. nóvember

EFTIRLITSMYNDAVÉL Í ÁNANAUSTUM Í REYKJAVÍK

Töluvert hefur verið kvartað undan ógætilegum akstri ökumanna í Ánanaustum í Vesturbæ Reykjavíkur undanfarin misseri og ár. Lögreglan hefur oft verið kölluð þarna til vegna þessa og haft afskipti af ökumönnum sem erfitt eiga með að virða lög og reglur.

Lögreglan mun áfram fylgjast vel með umferðinni á þessum stað auk þess sem eftirlitsmyndavél hefur nú verið komið upp til að fylgjast sérstaklega með ökumönnum sem fara þarna um. Aksturslag sumra þeirra hefur skapað bæði hættu og óþægindi fyrir aðra og hvetur lögregla þá sem þannig haga sér til að láta af slíkri hegðun.

lrh.is



Kynferðisbrot

Rannsókn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á kynferðisbroti um miðjan maí vakti mikla athygli, en málið þótti óhugnanlegt og það með réttu. Málsatvik voru þau að stúlka á ellefta ári var á heimleið úr skóla í vesturbæ Reykjavíkur þegar ókunnugur maður tók hana með valdi og setti í aftursæti bifreiðar sem hann var á. Ekið var með stúlkuna á afvikinn stað í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, en þar braut maðurinn gegn henni. Að því loknu ók maðurinn með stúlkuna aftur í vesturbæinn og hleypti henni þar út, en þó fjarrí heimili hennar. Þaðan gekk hún til síns heima. Á meðan frelsissviptingin stóð yfir hafði maðurinn í frammi grófar hótanir við stúlkuna. Lögreglan hóf umfangsmikla leit að brotamanninum og ökutæki hans um leið og tilkynnt var um málið, en bíllinn fannst fljótlega við heimili hans í austurborginni og var hann heima við. Hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð, en handtöku hans mátti þakka stúlkunni sjálfri. Þrátt fyrir hræðilega lífsreynslu gat hún gefið greinargóða lýsingu á manningnum, bílnum sem hann var á og leiðinni sem hann ók. Maðurinn, sem var á fertugsaldri, hafði áður komið við sögu hjá lögreglu, en þó ekki vegna mála af þessum toga.

Snemma árs voru til rannsóknar kynferðisbrot karls á sjötugsaldri, en maðurinn var handtekinn í janúar og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Brot mannsins voru svívirðileg, eins og alltaf þegar um kynferðisbrot er að ræða, en hluti málanna sem tilkynntur var lögreglu í ársbyrjun 2013 reyndist fyrndur. Nokkur mál voru tekin til frekari rannsóknar og var maðurinn dæmdur í sjö ára fangelsi síðar á árinu. Brot hans beindust m.a. gegn andlega fötluðum mönnum og stóðu yfir í langan tíma. Annar karlmaður, litlu yngri, var til rannsóknar hjá embættinu um svipað leyti. Sá var sakaður um kynferðisbrot gegn barnungum stúlkum, og játaði maðurinn sök. Hann hafði margt á samviskunni, en hluti brotanna var fyrndur. Þessi brotamaður var einnig sakfelldur og dæmdur til fangelsisvistar.


20. febrúar

STERAR HALDLAGÐIR

Karl á þrítugsaldri var handtekinn í tengslum við rannsókn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á innflutningi stera. Sterana, 950 millilítrar, fann tollgæslan í síðustu viku í sendingu sem kom hingað til lands frá Hong Kong. Um var að ræða hreina stera, sem voru í brúsa í pappakassa. Á fylgiseðli með sendingunni stóð að um væri að ræða hnetuolíu.

Maðurinn, sem hefur ekki áður komið við sögu hjá lögreglu, viðurkenndi að hafa ætlað sterana til sölu.

lrh.is



Mun fleiri kynferðisbrot komu til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2013, en árið á undan. Þar af voru um 115 nauðganir (194. gr. alm. hegningarlaga) og rúmlega 100 kynferðisbrot gegn börnum. Eitt þessara brota átti sér stað í verslunarhúsnæði í austurborginni í apríl. Þar braut karl á þrítugsaldri gróflega gegn konu um þrítugt, en fólkið hittist á skemmtistað í miðborginni. Hún þáði far hjá manningum og óku þau á áðurnefndan vettvang. Þeim bar ekki saman um atburðarásina sem þá tók við, en maðurinn neitaði sök. Framburður hans þótti ótrúverðugur og í ósamræmi við fyrirliggjandi gögn málsins, m.a. blóðferlagreiningu lögreglunnar. Maðurinn var sakfelldur fyrir frelsissviptingu, nauðgun og sérstaklega hættulega líkamsárás. Hann var dæmdur í fimm ára fangelsi. Konan var hér á ferðalagi og fór frá Íslandi með ömurlegar minningar.

Karl á fimmtugsaldri var handtekinn í júní, en hann var sakaður um blygðunarsemisbrot og kynferðislega áreitni. Hann reyndist hafa brotið sér leið inn á nokkur heimili á höfuðborgarsvæðinu og haft uppi kynferðislega tilburði við konur. Á einum stað hafði maðurinn afklæðst og farið nakinn inn í sturtu til húsmóðurinnar, henni til mikillar skelfingar. Í öðru tilviki fór maðurinn inn í herbergi ungrar stúlku og var byrjaður að strjúka henni þegar foreldrar stúlkunnar urðu hans varir. Maðurinn var líka gripinn í öðru barnaherbergi annars staðar í umdæminu, en náði ekki að brjóta gegn barni þar. Maðurinn játaði sök, en hann hafði áður verið dæmdur fyrir kynferðisbrot. Frá þeim tíma hafði maðurinn tekið upp nýtt nafn.



19. apríl

FÍKNIEFNASALAR HANDTEKNIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann fíkniefni við húsléit í íbúð í miðborginni í gær. Um var að ræða talsvert magn af kannabisefnum og amfetamíni. Þá tók lögregla líka í sína vörslu fjármuni sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Karl á fimmtugsaldri, sem áður hefur komið við sögu hjá lögreglu, var handtekinn í þágu rannsóknarinnar. Karl á þrítugsaldri var sömuleiðis handtekinn í gær, en sá var staðinn að sölu fíkniefna í austurborginni. Lagt var hald á fíkniefni og fjármuni í tengslum við rannsóknina. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

Fyrirnefndar aðgerðir eru liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lrh.is

Fíkniefnamál

Fjölmörg fíkniefnamál voru til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2013, en eitt það umfangsmesta sneri að innflutningi amfetamíns til Íslands í janúar. Um tugur manna var handtekinn í þágu rannsóknarinnar, og voru flestir þeirra úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Margir manna höfðu áður komið við sögu hjá lögreglu, mismikið þó. Um var að ræða 20 kg af amfetamíni og 1,7 lítra af amfetamínbasu, en það voru starfsmenn tollyfirvalda, með aðstoð fíkniefnaleitarhunda, sem fundu efnin í póstsendingum frá Danmörku. Talið var að með amfetamínbasanum hefði verið hægt að framleiða 17 kg af amfetamíni. Hér var komið í veg fyrir að mikið magn eituryfja færi í sölu, en fíkniefnin voru send til landsins í nokkrum póstsendingum. Málið var unnið í góðri samvinnu lögreglu við tollyfirvöld, sem og dönsk lögregluyfirvöld. Sjö voru ákærðir í málinu, þar af tveir erlendir ríkisborgarar. Einn Íslendinganna fékk þingsta dóminn, en sá var dæmdur í sex ára fangelsi.

Amfetamín kom líka við sögu í máli sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vann að á fyrri hluta ársins, en lögreglan í Kaupmannahöfn fór með forræði þess. Lagt var hald á 5,5 kg af amfetamíni í Danmörku, en tveir Íslendingar voru grunaðir um aðild að innflutningi fíkniefnanna til Íslands. Mennirnir, annar á þrítugsaldri en hinn á fimmtugsaldri, sátu í gæsluvarðhaldi í Kaupmannahöfn í þágu rannsóknarinnar. Þeir voru þó ekki einu Íslendingarnir sem fengu að kynnast danskri réttvísi, því snemma árs 2013 var á annan tug Íslendinga í gæsluvarðhaldi í Danmörku vegna fíkniefnamála. Flestir tengdust þeir málum frá síðla árs 2012, en þá tókst lögregluyfirvöldum að stöðva menn sem höfðu um langa hríð framið stórfelld fíkniefnabrot í mörgum löndum, m.a. með flutningi fíkniefna til Íslands. Rannsókn málanna stóð yfir fram til ársins 2013, en að henni komu lögreglulið á Norðurlöndunum, auk Europol. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ásamt tollgæslu, lagði hald á mun meira af amfetamíni árið 2013 en árið á undan.



27. júní

HÚSLEIT Í HAFNARFIRÐI - TVEIR HANDTEKNIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á haglabyssu, rafstuðbyssu, eggvopn og skotfæri við húsleit í Hafnarfirði í gær. Á sama stað fannst einnig lítilræði af fíkniefnum, en húsráðandi, karl á fertugsaldri, var handtekinn í þágu rannsóknarinnar. Karl á fimmtugsaldri var einnig handtekinn í tengslum við málið, en sá var jafnframt eftirlýstur fyrir aðrir sakir. Báðir mennirnir eru meðlimir í Outlaws. Húsleitinn var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði.

lrh.is

Kannabísræktanir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði áfram áherslu á að stöðva kannabísræktanir í umdæminu og varð vel ágengt. Athygli vakti að kannabísræktanir voru margar stórar og umfang þeirra eftir því. Minntu því sumar kannabísræktanir, sem lögreglan stöðvaði árið 2013, að því leyttu til á kannabísræktanir sem lögreglumenn stöðvuðu í umdæminu árið 2009. Frá þeim tíma hafa kannabísræktanir fundist í íbúðarhúsnæði í auknum mæli og engin sjáanleg breyting varð í þeim efnum á árinu. Sem fyrr segir var oft margar plöntur að finna, en á haustmánuðum stöðvaði lögreglan kannabísræktun á Kjalarnesi. Lagt var hald á 400 kannabísplöntur, en karl og kona á þrítugsaldri voru handtekin í þágu rannsóknarinnar. Konur komu annars sjaldan við sögu í slíkum málum, en þeir sem stóðu að ræktun kannabíspantna voru jafnan karlar á aldrinum 20-40 ára. Um svipað leyti lagði lögreglan hald á hátt í 500 kannabísplöntur í vesturborginni, en þar var sömuleiðis um mjög umfangsmikla kannabísræktun að ræða. Við umrædda húsleit tók lögreglan líka í sína vörslu um 12 kg af kannabísefnum, sem verið var að undirbúa til sölu.

Einn sá stórtækasti þegar kannabísræktanir voru annars vegar var samt karl á fimmtugsaldri, en hann var tekinn með meira en 1.000 kannabísplöntur í byrjun ársins. Plönturnar var að finna í öðnarhúsnæði á tveimur stöðum í Hafnarfirði, en lögreglan framkvæmdi enn fremur húsleit á heimili mannsins. Þar fannst meira af fíkniefnum, en einnig peningar og mikið af áfengi. Það var líka tekið í vörslu lögreglu auk

búnaðar sem tengdist starfsemi mannsins, en á vettvangi kannabisræktananna var fjöldi gróðurhúsalampa og ýmiss sérhæfður búnaður sem þarf til að rækta kannabisplöntur. Nokkrum mánuðum seinna, í óskyldu máli, fann lögreglan 8 kg af kannabisefnum í húsi í Reykjavík, en húsnæðið virðist hafa verið notað í þeim eina tilgangi að rækta þar kannabis. Snemma hausts var lagt hald á annan tug kílóa af kannabisefnum við húsleit í Mosfellsbæ, en hluta efnanna var búið að pakka í sölueiningar þegar lögreglan kom á vettvang.



2. desember

ÁRBÆR - HÆTTUÁSTAND LIÐIÐ HJÁ

Í nótt hefur lögreglan verið á vettvangi í Árbænum eftir að tilkynning barst um mann með skotvopn í húsi í Hraunbæ. Skotum var hleypt af, en ástandið hefur nú verið tryggt. Aðgerðum lögreglu á vettvangi er hins vegar ekki lokið, og eru íbúar beðnir um að sýna því skilning. Tekið skal fram að hættuástand er liðið hjá.

lh.is

Brunar og íkveikjur

Útköll vegna eldsvoða voru mörg á árinu, en nótt eina í desember var með skömmu millibili tilkynnt um eld á tveimur stöðum í Breiðholti. Fyrri bruninn varð í matvöruverslun, en íbúi í nærliggjandi húsi heyrði brothljóð og hávaða og leit út um glugga. Þá sá hann mikinn eld við verslunina og hringdi í Neyðarlínuna. Slökkviliðið kom fljótt á vettvang og greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, en miklar skemmdir urðu á húsnæðinu og þeim verðmætum sem voru innandyra. Tjónið var því mjög mikið. Rannsókn lögreglu benti til að um íkveikju hefði verið að ræða, en slökkviliðsmenn sem komu fyrstir á vettvang fundu töliverða bensínlykt við bakdyr að matvöruversluninni.

13. apríl

BLYGÐUNARKENND OG VELSÆMISMÖRK

Fátítt er að lögreglu berist kvartanir vegna útstillinga í gluggum verslana. Ein slík barst þó á dögunum, en þá hafði sómakær borgari samband og benti á tiltekna verslun á höfuðborgarsvæðinu og lét þess getið að útstilling á varningi í glugga verslunarinnar væri komin langt út fyrir öll velsæmismörk. Tveir lögreglumenn fóru á vettvang til að kynna sér málið og höfðu jafnframt tal af verslunareigandanum. Sá tók athugasemdinni vel, en bar við handvömm starfsmanna verslunarinnar hvað útstillinguna varðaði. Farið var strax í breyta útstillingunni enda vildi verslunareigandinn ekki særa blygðunarkennd fleiri borgara. Eins og einhverjir hafa kannski getið sér til, var hér um að ræða verslun, sem selur hjálpartæki ástarlífsins og skyldan varning.

lrh.is



Engan sakaði, en verslunin var mannlaus og lokuð á þessum tíma sólarhringsins.

Lögreglan og slökkvilið voru enn að störfum á vettvangi brunans í matvöruversluninni þegar tilkynnt var um eld í fjölbýlishúsi á öðrum stað í hverfinu. Þar reyndist hafa kviknað í íbúð á annarri hæð, en níu íbúðir voru í stigaganginum. Mæðgur voru í íbúðinni sem brann, en báðar voru þær fluttar á slysadeild til aðhlyningar. Móðirin brann illa og var á gjörgæsludeild fyrst um sinn, en dóttirin slapp betur. Dóttirin þótti hafa sýnt mikið hugrekki við lífshættulegar aðstæður og hafði með snarræði bjargað móður sinni. Tveir aðrir íbúar hússins fóru líka á slysadeild, en annar þeirra hafði reynt að koma mæðgunum til bjargar. Sá varð frá að hverfa því mikill eldur og reykur var í íbúðinni. Talið var að eldurinn hefði kviknaði út frá logandi kerti. Tæplega klukkustund leið á milli tilkynninganna um brunann í matvöruversluninni og í íbúðinni í fjölbýlishúsinu.

Á miðju sumri kviknaði í íbúð fjölbýlishúss í miðborginni. Í tilkynningu kom fram að mikill reykur bærist frá efstu hæð hússins og eldtungur stæðu út um glugga. Lögreglumenn voru fljótir á vettvang og fóru strax í að rýma stigaganginn. Slökkviliðsmönnum gekk vel að ráða niðurlögum eldsins, en hann var bundinn við eitt herbergi í íbúðinni, sem var mannlaus þegar bruninn varð. Í herberginu var kannabisræktun, en kannabisplöntur var líka að finna á öðrum stað í íbúðinni og var samtals um tugi plantna að ræða. Á staðnum var enn fremur að finna mikið af búnaði sem fylgir starfsemi af þessu tagi og var hann tekinn í vörslu lögreglu. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem kannabisræktun varð eldi að bráð í umdæmi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en hætta fylgir jafnan slíkri starfsemi. Dæmi er um að kviknaði hafi í út frá rafmagni, en það skal tekið fram að orsök brunans í miðborginni var ókunn.



15. febrúar

LANDASALI HANDTEKINN

Karl um fimmtugt var handtekinn í Grafarvogi í gær, en í bíl mannsins fundust nokkrir tugir lítra af landa. Í framhaldinu var leitað á heimili hans, en í vistaverum þar var lagt hald á meira af landa. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu

lrh.is

26. nóvember

TEKINN TVISVAR FYRIR FÍKNIEFNAAKSTUR

Piltur um tívugt var tekinn í tvígang fyrir fíkniefnaakstur í Reykjavík um síðustu helgi. Fyrst var hann stöðvaður í vesturhluta borgarinnar aðfaranótt laugardags og svo aftur í austurborginni rúmlega hálfum sólarhring síðar. Hann var afar ósáttur þegar lögreglan stöðvaði hann í seinna skiptið og líkti afskiptum laganna varða við einelti.

lrh.is

Menningarnótt

Á menningarnótt er iðulega annasamt hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og svo var líka árið 2013. Hátíðin fór samt mjög vel fram og framkoma gesta var almennt til mikillar fyrirmyndar. Pennan eftirminnilega ágústdag hófst fjórið að vanda fyrir hádegi þegar þúsundir manna hlupu Reykjavíkumaraþon, eða styttri hlaupaleiðir sem voru í boði. Til að tryggja öryggi hlauparanna var ákveðnum götum lokað og öðrum að hluta. Ökumenn sýndu tillitssemi, en sumir þeirra áttu þó erfitt með að leggja bílum sínum löglega. Sama vandamál var áfram til staðar þegar leið á daginn, en til viðbótar áttu ökumenn líka stundum erfitt með að virða lokanir gatna á menningarnótt. Engu að síður gekk umferðin á menningarnótt alveg bærilega, ekki síst í ljósi þess að gestir í miðborginni voru 80 þúsund þegar mest var.

Viðbúnaður á menningarnótt var með hefðbundnum hætti, en fjölmargir lögreglumenn voru á vakt. Þeir nutu aðstoðar ýmissa aðila, m.a. björgunarsveitarmanna, og gekk samstarfið vel. Formlegri dagskrá hátíðarinnar lauk með glæsilegri flugeldasýningu, en að henni lokinni héldu flestir til síns heima eftir velheppnaðan dag. Eins og áður fjölgaði útköllum eftir því sem leið á daginn, en sex ökumenn voru teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur í Reykjavík á menningarnótt. Nokkur fíkniefnamál komu enn fremur til kasta lögreglunnar, en hún lagði hald á bæði kannabísefni og lítilræði af amfetamíni og kókaíni. Auk fíkniefna reyndist einn gestur á menningarnótt hafa hníf í fórum sínum. Lagt var hald á hnífinn og maðurinn handtekinn, en hann var einnig með fíkniefni meðferðis.

Að venju voru höfð afskipti af fólki vegna ölvunar, og þá var áfengi tekið af unglíngum og því hellt niður. Sá yngsti í þeim hópi var 13 ára. Að lokinni flugeldasýningu og er leið á nóttina fóru að berast kvartanir vegna hávaða í heimahúsum, en slíkt er viðbúið um helgar og var ekki meira en við mátti búast. Tvær líkamsrásir, báðar taldar minni háttar, voru tilkynntar lögreglu á menningarnótt og þótti lítið. Árásirnar áttu sér stað í miðborginni, en þess utan var lögreglan kölluð að húsi í borginni vegna heimilisofbeldis. Þar voru tveir handteknir.

13. júní

KANNABISPLÖNTUR OG STINNINGARLYF

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Garðabæ í gær. Við húslleit á áðurnefndum stað var lagt hald á um 25 kannabisplöntur, auk búnaðar sem tengdist starfsemi, en ræktunin var vel falin á milli lofti í húsnæðinu. Á sama stað var einnig lagt hald á verulegt magn af stinningarlyfum. Karl um fertugt var yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og töllyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lrh.is

Óvenjuleg verkefni

Tuttugu og fimm voru handteknir í aðgerðum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Garðahrauni í Garðabæ dag einn í október. Þar var samankominn hópur fólks til að mótmæla lagningu nýs Álftanesvegjar, en hinir handteknur virtu að vettugi margítrekuð fyrirmæli lögreglu um að yfirgefa merkt vinnusvæði og hindruðu þannig framkvæmdir. Hinir handteknur, karlar og konur á ýmsum aldri, voru fluttir á lögreglustöð þar sem mál þeirra biðu frekari afgreiðslu. Að því loknu var fólkinu sleppt úr haldi lögreglu, en níu þeirra sneru aftur í Garðahraun og héldu uppteknum hætti. Hinir sömu voru þá handteknir öðru sinni. Mótmæli í seinni tíð þykja á engan hátt óvenjuleg, en í hópi mótmælenda í Garðahrauni voru margir eldri borgarar, en sá hópur kemur sjaldan við sögu hjá lögreglu.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu átti gott samstarf við önnur lögreglulið, bæði heima og erlendis, árið 2013. Þannig aðstoðaði embættið bandarísk yfirvöld við rannsókn á starfsemi vefsíðunnar Silkroad, sem hýsti markaðssvæði með ólögleg fíkniefni og aðra ólögleg mæta starfsemi. Aðstoðin var veitt á grundvelli réttarbeiðni og fólst í öflun rafræna gagna um vefsíðuna sem hýst var á Íslandi. Lauk þessari rannsóknaraðstoð með aðgerðum hér á landi snemma hausts þar sem Silkroad vefsíðan var tekin niður og haldlagður rafrænn gjaldmiðill, Bitcoin, að jafnvirði yfir 3 milljónir bandaríkjadala. Ekki voru önnur tengsl við Ísland en þau að vefsíðan var hýst hér, engar handtök voru framkvæmdar vegna þessa héraðs og engir innlendir aðilar tengdust að öðru leyti rekstri hennar.


Prettán manns voru handteknir í húsi í Kópavogi í aðgerðum lögreglunnar einn morgun í september. Lagt var hald á muni og

12. febrúar

OFSAAKSTUR Í ÁRTÚNSBREKKU

Kona á þrítugsaldri var staðin að hraðakstri í Ártúnsbreykku seint á sunnudagskvöld. Bíll hennar mældist á 169 km hraða, en þarna er 80 km hámarkshraði. Konan, sem var allsgáð, var færð á lögreglustöð og svipt ökuréttindum til bráðabirgða.

lrh.is



lítilræði af fíkniefnum í híbýlum manna, en þeir voru allir af erlendu bergi brotnir. Við aðgerðirnar naut embættið aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra og fíkniefnaleitarhunda frá tollinum, en í húsinu bjuggu hælisleitendur. Undanfarin ár hafa margir óskað eftir hæli á Íslandi og svo var áfram, en alla mánuði ársins 2013 komu einhverjir þeirra erinda á lögreglustöðina.

Lögreglan heimsótti á árinu um 100 vinnustaði í umdæminu og kannaði hvort atvinnuleyfi starfsmanna væru í lagi. Skemmst er frá því að segja að svo var í nær öllum tilfellum og ástand mála því almennt mjög gott, en skráðar voru niður upplýsingar um rúmlega 300 erlenda starfsmenn. Gerðar voru athugasemdir við fjóra starfsmenn. Þrír þeirra höfðu atvinnuleyfi, en ekki á þeim stöðum þar sem þeir voru við vinnu. Fjórdi starfsmaðurinn reyndist ekki hafa atvinnuleyfi hér á landi, en tekið skal fram að fjórmeningarnir voru við störf á jafnmörgum stöðum. Í þessum aðgerðum lögreglu heimsótti hún veitinga- og skemmtistaði, fiskvinnslur, efnalaugar, þvottahús og bifreiðaverkstæði.





8. nóvember

HEIMSÓKN Í KJÓSARHREPP

Undanfarnar vikur hafa fulltrúar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hitt að máli lykilmál á hverfa- og svæðafundum í umdæminu. Þetta hafa verið gagnlegir fundir, enda mikilvægt að heyra sjónarmið íbúanna, taka við ábendingum um það sem betur má fara og skiptast á skoðunum. Í gær var röðin komin að Kjósverjum, og að venju var fundurinn haldinn í Ásgarði. Hljóðið í hreppsnefndarmönnum var gott, en eins og á öðrum hverfa- og svæðafundum var farið vel yfir stöðu mála og þróun brota í sveitarfélaginu.

Í Kjósarhreppi er margt til fyrirmyndar og því lítið um afbrot, en það sem helst veldur íbúunum áhyggjum þessar vikurnar er aukin

Lögreglan og samfélagsmiðlar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vann Connected COPS AWARDS verðlaunin, sem afhent voru í Omaha í Nebraska í Bandaríkjunum í september. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti árið 2012, en þá keppti embættið einnig til úrslita. Það var LAWs Communications sem stóð fyrir þessum viðurkenningum, en keppt var í nokkrum flokkum og fékk Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verðlaunin í flokknum Excellence at a Large Agency. Bæði einstakir lögreglumenn sem og embætti geta hlotið útnefningar til verðlaunanna, en þau eru veitt þeim sem skara fram úr þegar kemur að notkun samfélagsmiðla. Embættið stofnaði fésbókarsíðu í árslok 2010 og fékk hún strax mjög góðar viðtökur. Í árslok 2013 voru 46 þúsund manns vinir Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á Facebook og hafði fjölgað um helming frá árinu á undan, en með notkun samfélagsmiðla er hægt að efla enn frekar upplýsingamiðlun til almennings. Twitter, Instagram, Flickr og YouTube voru líka miðlar sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu notaði í þessum sama tilgangi árið 2013.

umferð ferðamanna um sveitarfélagið og sú staðreynd að stundum er óvarlega farið. Hér er verið að vísa til þess að nú er sá árstími sem vinsælt er að skoða Norðurljósin og festa fyrirbærið á filmu. Vegna þessa hefur einmitt verið talsverð umferð um Kjósarskarðsveg, en ferðamenn hafa oftan en ekki verið við myndatökur í svartamykri á miðjum veginum og það skapar stórhættu. Þessu verður að breyta áður en slys hlýst af.

Eins og jafnan áður fengu fulltrúar lögreglunnar höfðinglegar móttökur í Ásgarði. Kjósverjar eru góðir heim að sækja, enda svignuðu borð undan kræsingum. Á fundinum voru einnig kynntar niðurstöður úr könnun, sem lögreglan lét framkvæma í vor, en alla tölfræði frá fundinum með Kjósverjum má nálgast á lögregluvefnum.

lrh.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu keppti líka til úrslita um Evrópsku nýsköpunarverðlaunin, sem voru afhent í Maastricht í Hollandi í nóvember. Embættið var sömuleiðis tilnefnt til verðlaunanna fyrir notkun sína á samfélagsmiðlum. Keppt var í þremur flokkum og voru fimm verkefni í hverjum, en alls voru 230 verkefni frá 26 ríkjum og stofnunum ESB tilnefnd. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk sérstaka viðurkenningu fyrir að vera eitt af þessum fimm verkefnum, auk þess að fá viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarverkefni „best practice“.

Í nóvember tók embættið öðru sinni þátt í alþjóðlegu tíst-maraboni og tísti í fjórtán klukkustundir, en sagt var frá verkefnum lögreglunnar á föstudagskvöldi og fram á laugardagsmorgun. Nóg var um að vera á vaktinni og fjölmörg mál komu á borð lögreglu. Hún sendi út rúmlega 150 tíst á tímabilinu, en allmörg þeirra voru svör við ummælum þeirra sem voru að fylgjast með. Þeim sem fylgdust með lögreglunni á Twitter fjölgaði annars nokkuð við marabon-tístið, en tæplega 5.000 manns fylgdust með störfum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á Twitter í árslok 2013. Þess má geta að um 300 lögreglulið víðs vegar í heiminum tóku þátt í þessu alþjóðlega tísti, og var það um helmingsfjölgun lögregluliða frá því að samskonar tíst var haldið í mars 2013.





29. nóvember

HÚSLEITIR HJÁ OUTLAWS

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu framkvæmdi fyrr í vikunni húsleit á heimilum tveggja meðlima í Outlaws-vélfjólagerinu. Á báðum stöðum var lagt hald á lítilræði af ætluðum fíkniefnum. Húsleit var einnig framkvæmd í félagsaðstöðu Outlaws, en þar var lagt hald á bifhjól, sem reyndist vera stolið. Við aðgerðirnar naut Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra.

lrh.is

1. nóvember

REYKUR BERST FRÁ HAFNARFJARÐARHÖFN

Lögreglan bendir þeim á sem búa og starfa í nágrenni Hafnarfjarðarhafnar að loka gluggum á hífylum sínum, en frá höfninni berst reykur úr Fernöndu, flutningaskipi sem kviknaði í suður af landinu í fyrradag. Komið var með skipið til Hafnarfjarðar í morgun, en slökkvistarfi er ekki lokið. Tilkynningin á ekki síst við um þá sem búa á Hvaleyrarholti.

lrh.is

Hverfa- og svæðafundir

Á haustmánuðum fundaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu með lykilmál á ýmsum stöðum í umdæminu, en á öllum fundunum var farið yfir stöðu mála og þróun brota á hverju svæði fyrir sig. Fundirnir voru nú nokkru færri en árið á undan, en málefni Álfþaness voru rædd á sameiginlegum fundi með Garðbæingum enda hafa sveitarfélögin sameinast undir merkjum Garðabæjar. Í Reykjavík fækkaði fundum, en áhugi borgarbúa virðist minni en íbúa annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Um þetta er kannski erfitt að fullyrða, en mætingin á fundi utan Reykjavíkur var jafnan betri. Fyrirkomulagið á hverfa- og svæðafundunum hefur að mestu verið óbreytt frá árinu 2007, en árið 2013 voru þeir sendir út í beinni útsendingu á Netinu. Sú nýbreytni var tekin upp 2012 og voru þá nokkrir hnöktrar á útsendingum. Betur tókst til árið 2013, en embættið fékk þakkir fyrir þetta framtak sitt.

Þrátt fyrir að hægt sé að miðla upplýsingum með margvíslegum hætti hafa hverfa- og svæðafundir enn mikið gildi. Bæði fyrir íbúa til að koma spurningum og ábendingum á framfæri, en líka fyrir lögregluna til að kynna sín sjónarmið. Eins og jafnan áður voru margir fundanna lífflegir og skoðanaskiptin af hinu góða. Dagskráin var ávallt með sama sniði, en í byrjun fundanna var alltaf farið ítarlega yfir stöðu mála og þróun brota. Kynntar voru upplýsingar um tölfraði og fjallað sérstaklega um innbrot, þjófnaði, ofbeldisbrot og umferðarslys. Einnig var rætt sérstaklega um hraðakstur, en birtar voru niðurstöður hraðamælinga lögreglunnar árið 2013. Svo hefur líka verið á fyrri hverfa- og svæðafundum, en íbúum hefur gjarnan orðið tíðrætt um hraðakstur í einstökum hverfum á höfuðborgarsvæðinu.

29. nóvember

VERUM VAKANDI FYRIR GRUNSAMLEGUM MANNAFERÐUM

Lögreglan hvetur fólk til að láta vita um grunsamlegar mannaferðir, ekki síst í íbúðahverfum. Innbrot á heimili eiga sér oft stað að degi til og þá geta upplýsingar, t.d. frá nágroñnum, ráðið miklu. Það sem fólk kann að finnst lítilfjörlegt getur einmitt orðið til þess að upplýsa mál. Hér er m.a. átt við lýsingu á mönnum og bifreiðum en gott er að skrifa slíkt hjá sér ef fólk tekur eftir einhverju óvenjulegu í sínu nánasta umhverfi. Sama gildir um bílnúmer en slíkar upplýsingar geta komið lögreglu á sporið. Innbrotspjófar fylgjast gjarnan með húsum áður en þeir láta til skarar skríða og því er mikilvægt að hafa þessi atriði í huga. Munið að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna með upplýsingar af þessi tagi en einu sinni of sjaldan.

Ef óskað er eftir skjótri aðstoð lögreglu skal undantekningarlaust hringja í 112. Ef erindið er af öðrum toga, og þolir e.t.v. einhverja bið, vinsamlegast hafið samband við þjónustuver Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000. Sömuleiðis er hægt að koma upplýsingum á framfæri um hvaðeina með því að senda tölvupóst á netfangið abending@lrh.is Upplýsingum má enn fremur koma á framfæri í einkaskilaboðum á fésbókarsíðu lögreglunnar.

lrh.is

Eitt og annað

Í upphafi vetrar sátu nokkrir menn í gæsluvarðhaldi vegna grunsemda Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um ætlaða sölu og milligöngu vændis, en embættið lokaði veitingastað í miðborginni í þágu rannsóknarinnar. Mennirnir tengdust allir staðnum, og voru handteknir þar í aðgerðum lögreglunnar. Þrír aðrir voru handteknir á veitingastaðnum, en þeir voru grunaðir um kaup á vændi. Mörg slík mál hafa einmitt komið til rannsókna hjá embættinu, en fyrir allmörgum misserum voru vændiskaup gerð refsiverð í ákvæði laganna. Sjö konur voru á veitingastaðnum þegar lögreglan lét til skarar skríða, en þær voru yfirheyrðar sem vitni. Nokkrar húsleitir voru framkvæmdar í tengslum við málið.

Sýnileiki er mikilvægur þegar kemur að því að auka öryggi og öryggistilfinningu borgaranna. Lögreglubílar og bifhjól embættisins voru enda mikið á ferðinni, en það voru fleiri farartæki lögreglunnar sem vöktu athygli. Hún hefur lengi haft reiðhjól til afnota, en notkun þeirra hefur verið takmörkuð af ýmsum ástæðum. Tveir ungir lögreglumenn breyttu því hins vegar, en þeir fóru um miðborgina á reiðhjólum sumarið 2013 og sinntu löggæslustörfum með sama hætti og aðrir lögreglumenn. Áður en til þess kom höfðu þeir farið að eigin frumkvæði til Bandaríkjanna á sérstakt námskeið í reiðhjólalöggæslu. Þar lærðu þeir margt nytsamlegt og komu heim með ýmsar góðar hugmyndir í farteskinu. Viðbúið er að fleiri lögreglumenn verði á reiðhjólum er fram líða stundir.

Ný lögreglustöð var opnuð í apríl á Vínlandsleið 2-4 í Grafarholti í Reykjavík en þaðan er sinnt verkefnum í Grafarholti, Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og á Kjalarnesi. Á lögreglustöðinni í Grafarholti ganga lögreglumenn vaktir allan sólarhringinn, en þar er enn fremur sérstakt rannsóknarsvið, rétt eins og á öðrum lögreglustöðvum embættisins. Í nýja húsnæðinu er aðbúnaður til fyrirmyndar og voru lögreglumenn hæstánægðir með vistarverurnar. Almennum fyrirspurnum og upplýsingum til

11. september

VEGFARENDAR TIL FYRIRMYNDAR

Vegfarendur í Laugardal og nágrenni hans voru til mikillar fyrirmyndar í gærkvöld þegar leikur Íslands og Albaníu í undankeppni HM fór fram á Laugardalsvelli. Tæplega 10 þúsund knattspyrnuáhugamenn mættu á völinn og því var mjög mikil umferð á svæðinu. Allt fór samt vel fram og ökomenn voru bæði þolinmóðir og tillitssamir. Hinir sömu gerðu sér líka far um að leggja löglega og því var ástandið í þeim efnun sömuleiðis til algerrar fyrirmyndar.

Þess má geta að sérfræðingar lögreglunnar spáðu hárrétt fyrir um úrslit leiksins, 2-1, á fésbókarsíðu hennar í gær!

lh.is



Umferðarsáttmáli

Umferðarsáttmáli allra vegfarenda var afhentur forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, við athöfn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í september. Umferðarsáttmálanum, sem inniheldur nokkurs konar kurteisisreglur í umferðinni, var ætlað að auka sameiginlegan skilning á því hvernig við viljum haga okkur í umferð, hvernig við sýnum hvert öðru tillitssemi og stuðlum þannig að auknu öryggi. Umferðarsáttmálinn var í vinnslu um nokkurra mánaða skeið árið 2013, en hitann og þungann af starfinu báru fjórtán sjálfbóðaliðar, karlar og konur á öllum aldri, sem allir höfðu brennandi áhuga á umferðarmálum og umferðaröryggi. Í tengslum við verkefnið var jafnframt haldið úti heimasíðu og fésbókarsíðu með það að markmiði að fá viðhorf sem flestra til þess hvernig umferð okkar og umferðarmenningu á að vera, hvað við gerum vel og hvað við getum gert betur. Afraksturinn var Umferðarsáttmáli allra vegfarenda, en tilgangurinn var að auka öryggi allra í umferðinni.

Hugmyndin að Umferðarsáttmálanum kom til umræðu hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu seint á árinu 2012, og stofnaður var undirbúningshópur með þátttöku fulltrúa frá Umferðarstofu (nú Samgöngustofa) í ársbyrjun 2013. Í febrúar var auglýst eftir þátttakendum á fésbókarsíðu lögreglunnar og í framhaldinu voru 14 manns valdir í verkefnið. Þeir hófust síðan handa í mars og miðaði verkefninu strax vel áfram. Þátttakendur voru sammála um að hér væri á ferðinni skemmtilegt tækifæri til að bæta umferðarmenninguna hér á landi. Á milli funda fór vinna hópsins einkum fram á fésbókinni, en fjölmargir landsmenn lögðu til hugmyndir um það hvernig best væri að móta jákvæða umferðarmenningu.

REKSTUR

Niðurskurður var áframsá veruleiki sem blasti við Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2013. Svo hefur verið undanfarin ár, og þykir mörgum nóg um. Rekstrarskilyrði þetta árið voru því lítt betri þótt niðurskurðarhnífurinn væri e.t.v. ekki jafn hátt á lofti. Rekstur embættisins var því í járnnum, en viðunandi þrátt fyrir að allar áætlanir gengju ekki fyllilega eftir. Sem fyrr var ráðdeild stjórnenda hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu lykilatríði þegar kom að því að láta enda ná saman.

Áætlun embættisins fyrir árið 2013 gerði ráð fyrir að rekstur innan ársins yrði í jafnvægi, en krafan um niðurskurð var 17 m.kr, sem er innan við 0,5% fjárheimilda. Bráðabirgðauppgjör gerði ráð fyrir um 13 m.kr. rekstrarafgangi og uppsafnaður rekstrarhalli lækkaði sem því nemur, eða í tæplega 105 m.kr. Frávik frá endurskoðaðri áætlun embættisins var því 1,3%, en í henni var gert ráð fyrir 60 m.kr. rekstrarafgangi til að mæta hallarekstri undangenginna ára.

Hafa ber í huga að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, rétt eins og aðrar stofnanir, hefur mátt þola mikinn niðurskurð fjárheimilda. Uppsafnaður niðurskurður ársins 2013* nam 650 m.kr., eða 15,5%. Á árunum 2009 til 2013 hafa horfið 2,5 milljarðar í niðurskurð og ýmiss aukinn kostnaður ekki fengist bættur, t.d. 50 m.kr. kostnaður hið minnsta vegna mótmæla og tugmilljóna eldsneytisverðhækkunar umfram verðlagsforsendur fjárlaga á áður nefndu tímabili. Þrátt fyrir þetta hefur rekstrarkostnaður embættisins lækkað ár frá ári, að undanskildu fyrsta starfsárinu 2007. Kostnaðurinn nú er um 16% lægi á hverju ári í samanburði við löggæslukostnað höfuðborgarsvæðisins árið 2006*, en þá störfuðu þrjú lögreglulið í umdæminu.

*Á verðlagi ársins 2013.


Tafla 1 - Rekstur ársins 2013 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Bráðabirgðauppgjör
Rekstur	3.570.903	3.609.005	3.657.026
Fjárheimildir	3.571.000	3.670.100	3.670.100
Mism.	97	61.095	(13.074)
Eigið fé 31.12.12	(102.155)	(117.749)	(117.749)
Rekstrarniðurstaða (eigið fé 31.12.13)	(102.058)	(56.654)	(104.675)
Frávik m.v. fjárheimildir	-2,9%	-1,6%	-2,9%



Tafla 2 - Bráðabirgðauppgjör árið 2013 í (þ.kr.)

	2013	2012
Tekjur		
Sértekjur	41.991	61.063
	<u>61.063</u>	<u>61.080</u>
Gjöld		
Launakostnaður	2.988.817	2.947.163
Ferðir o.fl.	45.417	40.029
Rekstur	97.537	83.949
Þjónusta	152.411	152.695
Húsnæði	190.599	153.675
Bifreiðar	185.844	194.196
Skattar, fjármagnskostn.	1.605	572
Tilfærslur	1.208	1.218
	<u>3.663.438</u>	<u>3.573.498</u>
Eignakaup	35.579	18.174
	<u>3.699.017</u>	<u>3.591.672</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(3.657.026)	(3.530.609)
Ríkisframlag	3.670.100	3.485.700
Tekjuafgangur (tekjuhalli) tímabils	<u>(13.074)</u>	<u>(44.909)</u>
Skipting rekstrarkostnaðar		
	2013	%
Laun	2.988.817	81%
Annar rekstrarkostnaður	710.200	19%
	3.699.017	100,00%




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2013




Niðurskurður fjárheimilda á verðlagi 2013

M. KR.



Mynd 2. Niðurskurður fjárheimilda frá hruni í milljónum króna. Neysluverðsvisitölu og launavísitölu ríkisstarfsmanna er skipt 20/80 í verðlagsútreikningunum en um 20% útgjalda LRH eru almenn rekstrargjöld og um 80% launagjöld.

M. KR.



Mynd 3. Samtals niðurskurður frá 2009 til 2013. Fjárhæðin hefði dugað til að greiða öll laun LRH í um eitt ár

Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2013

	Sektarboð	Sektargerð
Útsend	6.157	2.126
Greidd	5.282	805

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2014 eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumennt	Alls
Fjármála- og þjónustudeild	39	8	47
Innri endurskoðun	0	2	2
Löggæslusvið	9	221	230
Aðgerða og skipulagsd.	0	3	3
Almenn löggæsla	5	202	207
Stoðdeildir	4	16	20
Rannsóknar- og ákærusvið	20	49	69
Ákærusvið	19	2	21
Rannsóknarsvið	1	47	48
Skrifstofa lögreglustjóra	1	0	1
Mannauðsdeild	5	0	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	4	2	6
Yfirstjórn	5	3	8
Samtals við störf	83	285	368
Nemar	0	0	0
Veikindi	3	9	12
Fæðingarorlof	0	2	2
Alls starfsmenn	86	296	382

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2014 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	14	33	47
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	192	38	230
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	171	36	207
Stoðdeildir	18	2	20
Rannsóknar- og ákærusvið	50	19	69
Ákærusvið	10	11	21
Rannsóknarsvið	40	8	48
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	4	2	6
Yfirstjórn	6	2	8
Samtals við störf	269	99	368
Nemar	0	0	0
Veikindi	8	4	12
Fæðingarorlof	0	2	2
Alls starfsmenn	277	105	382

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2014 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	8	0	8
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	185	36	221
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	167	35	202
Stoðdeildir	15	1	16
Rannsóknar- og ákærusvið	41	8	49
Ákærusvið	2	0	2
Rannsóknarsvið	39	8	47
Skrifstofa lögreglustjóra	0	0	0
Mannauðsdeild	0	0	0
Upplýsinga- og áætlanadeild	2	0	2
Yfirstjórn	3	0	3
Samtals við störf	241	44	285
Nemar	0	0	0
Veikindi	7	2	9
Fæðingarorlof	0	2	2
Alls starfsmenn	248	48	296


Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2014 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	6	33	39
Innri endurskoðun	0	0	0
Löggæslusvið	7	2	9
Aðgerða og skipulagsd.	0	0	0
Almenn löggæsla	4	1	5
Stoðdeildir	3	1	4
Rannsóknar- og ákærusvið	9	11	20
Ákærusvið	8	11	19
Rannsóknarsvið	1	0	1
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	2	2	4
Yfirstjórn	3	2	5
Samtals við störf	28	55	83
Nemar	0	0	0
Veikindi	1	2	3
Fæðingarorlof	0	0	0
Alls starfsmenn	29	57	86

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2014	382
Fjöldi ársverka 2013	359,88
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	16%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	66%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda	6,25%
Starfsmannavelta* - lögregla	6,08%
Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn	4,65%
Fjöldi lögreglumanna í launalauslu leyfi í árslok	5

*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs







Tafla 9 - Handtökur og vistanir árin 2012 og 2013

	2012	2013
Handtökur		
Fjöldi handtaka	3.841	4.319
Fjöldi einstaklinga	2.472	2.600
Vistanir		
Fjöldi vistana	2.200	2.545
Fjöldi einstaklinga	1.326	1.392

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árin 2012 og 2013

	2012	2013
Janúar	271	287
Febrúar	312	288
Mars	371	329
Apríl	327	328
Maí	370	370
Júní	338	392
Júlí	309	368
Ágúst	318	368
September	295	434
Október	309	423
Nóvember	288	398
Desember	333	334
Samtals	3.841	4.319

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árin 2012 og 2013


	2012	2013
Mánudagur	381	498
Þriðjudagur	434	478
Miðvikudagur	424	455
Fimmtudagur	491	526
Föstudagur	471	579
Laugardagur	791	880
Sunnudagur	849	903
Samtals	3.841	4.319

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árin 2012 og 2013


	2012	2013
Janúar	181	182
Febrúar	192	179
Mars	266	174
Apríl	180	179
Maí	179	220
Júní	178	241
Júlí	170	214
Ágúst	170	223
September	157	277
Október	156	244
Nóvember	166	222
Desember	205	190
Samtals	2.200	2.545

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árin 2012 og 2013

	2012	2013
Mánudagur	245	316
Priðjudagur	282	293
Miðvikudagur	273	291
Fimmtudagur	298	340
Föstudagur	257	337
Laugardagur	409	476
Sunnudagur	436	492
Samtals	2.200	2.545



Mynd 4. Próun í fjölda handtaka og vistana 2008 - 2013



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan

Lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Vínlandsleið 2-4
113 Reykjavík

Dalvegi 18
201 Kópavogi

Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112

